

Til: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Efni: Greinargerð vegna Olís Ánanaust.

Kröfur: Sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, skal fylgja umsókninni, eftir því sem við á, lýsing á eftirfarandi atriðum vegna mengunarhluta starfseminnar:

1. Stöðinni og starfsemi hennar.

Um er að ræða hefðbundna Olís þjónustustöð með eldsneyti og verslun með smávöru. Neyðarsími er skráður á dælurnar og er svarað í hann allan sólarhringinn. Starfsfólk sinnir umsjón með dælum en einnig er bilanaeftirlit yfir netið til hugbúnaðardeildar og Olíudreifingar. Þær eldsneytistegundir sem seldar eru á staðnum eru: 95 okt bensín, dísel og dísel litur. Þjónustu- og viðhaldsaðili er Olíudreifing. Þeir sjá einnig um áfyllingar á öllum tegundum eldsneytis.

2. Hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni.

Þau hráefni sem eru til sölu á stöðinni eru: 95 okt bensín, dísel og dísel litur. Á staðnum eru þrjár eldsneytisdælar. Sú orka sem er notuð er rafmagn. Í töflu 1 má sjá hráefnin sem til sölu eru og magn sölu yfir árið 2022.

tafla 1	
Hráefni	Magn lítra selt jan-ágúst 2023
95 okt bensín	583.900
Dísel	488.714
Dísel litur	170.178

3. Upptökum losunar í stöðinni.

Losun frá stöðinni er meðal annars það gas sem myndast við áfyllingu á geyma og við dælingu á bíla. Það gas sem myndast við áfyllingu er tekið til baka inn í áfyllibíl. Ekki er um slíkt að ræða við áfyllingu á bíla. Athuga að eingöngu er um að ræða gas frá bensíni, ekki gerð krafa um slíkt frá dísel.

Losun frá dæluþlani fer í olíuskilju og þaðan í frárennsli. Losun frá bílastæðum fer beint í frárennsli.

Olís ehf.

Dags: 25.10.2023

4. Staðháttum við stöðina.

Stöðin er staðsett við Ánanaust 10, Reykjavík. Á lóðinni er boðið upp eldsneyti, veitingar og smávöruverslun. Einnig er á staðnum þvottaplan og boðið upp á loft í hjólbarða. Einnig var sett upp rafhleðslustöð vorið 2023.



5. Eftir atvikum skýrslu um grunnástand í samræmi við 2. mgr. 15 gr.,

Eftir skoðun undirritaðs þá er ekki sjáanleg hættu af stöðinni vegna vatnsverndarsvæða. Má endilega leiðrétta ef rangt er með farið.

6. Eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreining á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið.

Erfitt er meta mögulegt magn olíu sem gæti farið niður á afgreiðsluþlan. Mögulega gæti farið niður af einum bíl en olíuskilja tekur vel við því. Í lið 3. er talað um það gas sem myndast við ádælingu.

7. Áformaðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni.

Til varnar mengun eru ýmsar ráðstafanir. Meðal annars er afgreiðsluþlan steyppt með niðurföllum sem liggja í olíuskilju. Dælur er staðsettar á 10 cm upphækkun með árekstrarvörnum til beggja enda.

Á staðnum er sjálfvirk tankamæling sem skilar upplýsingum rafrænt til skrifstofu. Með því fyrirkomulagi er í raun sólarhringseftirlit með mögulegri rýrnun/leka á eldsneyti. Mikil framför frá þeirri mánaðarlegu mælingu sem var gerð áður fyrr. Gerð er mánaðarleg skýrsla á öllum sölustöðum Olís um niðurstöðu á rýrnunareftirliti sem er svo safnað í árlega skýrslu.

Olís ehf.

Dags: 25.10.2023

Í töflu hér að neðan má sjá upplýsingar úr vöktunarkerfinu með stöðuna í geymum. Rýrnunar- og lekaeftirlit fer þannig fram að tankastaða er borin saman við áfyllingu og selt magn.

Location	Timestamp	Tank	Product	Tank size	Stock
Ánanaust	26.10.2023 17:43:44	1	Bensín		14.856,30
Ánanaust	26.10.2023 17:43:44	3	Dísel lituð		5.197,48
Ánanaust	26.10.2023 17:43:44	4	Dísel		16.251,43

Þar er ekkert sem bendir til að um rýrnun/leka sé að ræða í tönkum í Ánanaustum. Að neðan má sjá upplýsingar úr þeirri árlegu skýrslu sem var gerð fyrir Ánanaust fyrir jan-ágúst árið 2023.

Ár 2023 jan-ágúst			
Row Labels	Tegund	Sala (magn)	Rýrnun (%)
Ánanaust	Dísel	488.714	-0,2%
Ánanaust	Bensín 95	583.900	-0,5%
Ánanaust	Dísel litur	170.178	-2,1%

Á staðnum er mengunarvarnakista komi til minniháttar leka. Einnig er neyðaráætlun og köllunarskrá komi til óhappa. Starfsmenn fá þjálfun í fyrstu viðbrögðum komi til mengunarslyss.

Á staðnum eru fjórir neðanjarðar einfaldir trefjaplastgeymar í dúk, sjá töflu.

Fyrirhugað er að nota 9.000 lítra geyminn undir 98oktan. Verði það ekki gert mun Heilbrigðiseftirlit verða upplýst og skoðað hvað þarf til að halda honum á staðnum.

Staður	Stærð geyma í lítrum	Smíða-efni	Tegund	Smíðaár
Húsavík	25.000	Trefjaplast	Dísel	1997
	25.000	Trefjaplast	Bensín	1997
	25.000	Trefjaplast	Dísel litur	1997
	9.000	Trefjaplast	Ekki notað	1997

8. Fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni.

Sá úrgangur sem til fellur í sand-og olíuskilju er farið með til urðunar. Annað rusl er flokkað og fargað eftir því.

Olís ehf.

Dags: 25.10.2023

9. Frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.

Framundan er vinna við að uppfæra Rekstrarhandbók. Setja fram á skýran og aðgengilegan hátt þær upplýsingar sem kveðið er á um í reglugerðum. Markmið að koma þeirri framsetningu á rafrænt form.

10. Ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið.

Verið er að koma upp sjálfvirkum viðvörðunarbúnaði í olíuskiljum. Einnig er vinna við að koma viðvörðunarkerkjum yfir netið og til þjónustuaðila.

11. Helstu valkostum, sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi yfirlits.

Umsækjandi er sífellt að velta fyrir sér möguleikum varðandi mengunarvarnir, losun og flokkun úrgangs. Helsta verkefnið á næstunni er að auka flokkun úrgangs.

Virðingarfyllst:

Örn Franzson

Forstöðumaður Framkvæmdadeildar Olís

Meðfylgjandi gögn:

- Grunnmynd.